



Kennsluáætlun fyrir haustönn 2022

Námsgrein: Náttúrufræði

Árgangur: 3. og 4. bekkur

Kennari: Unnur Magnúsdóttir

Netfang: unnurm@klaustur.is

Almennt:

Náttúrugreinar í grunnskóla samanstanda af náttúrufræði, eðlisvísindum, jarðvísindum, lífvísindum og umhverfismennt. Námið á því að flétta saman þessa mismunandi þætti. Það á að efla ábyrgð nemenda á umhverfinu, kynna fyrir þeim nýsköpun, útskýra fyrir þeim gildi náttúrugreina og stuðla að því að þeir beri virðingu fyrir náttúrinni og hafi þekkingu á henni.

Helstu markmið:

Nemendur eiga að geta gert sér grein fyrir hvernig lífríkið breytist eftir árstíðum og skilið hvernig lífrænir og ólífrænir þættir hafa áhrif á náttúruna. Komið verður inn á fjölmörg atriði, svo sem veðurfræði, aðlögun, atferli, vöxt og æxlun lífvera.

Hlekkur á aðalnámskra https:

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-22>

Námsgögn:

Bókin Náttúran allan ársins hring, ýmsar fræðibækur nýttar til að finna upplýsingar, vefsíður sem tengjast námsefninu og útikennsla.

Tímabil	Verkefni	Kennsluáðferðir	Tenging við lykilhæfni og hæfniviðmið
Ágúst	Náttúran allan ársins hring bls. 5-12	Samlestur á bók	Úskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi
September	Náttúran allan ársins hring bls. 13-15	Verkefnavinna Plöntugreining	
Október	Náttúran allan ársins hring bls. 14-30	Algengar íslenskar plöntur skoðaðar	Sagt frá reynslu sinni og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi
Nóvember	Náttúran allan ársins hring bls. 31-53	Tilraunir	Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks
Desember	Náttúran allan ársins hring bls. 54-63	Vinna í vinnubók	
		Hópavinna Útikennsla	
			Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum

			<p>á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf.</p> <p>Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu</p> <p>Útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðenda</p>
--	--	--	--

Námsmat:

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.